

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar haldinn föstudaginn 5. apríl, kl. 12:15 í kaffistofu Nýja Garðs, 3. hæð.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Páll Hreinsson og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Lögð fram endurskoðuð dagskrá Siðfræðistofnunar fyrir árið 2002 ásamt verkefnum sem stofnunin vinnur að. Einnig var lagt fram yfirlit um starfsemi Siðfræðistofnunar fyrir árið 2001 til birtingar í Árbók H.Í.
3. *Fundir og málþing á vormisseri.* 1) Forstöðumaður gerði grein fyrir samvinnu við Borgarleikhúsið og RUV á vormisseri. Þann 7. febrúar hélt Bryndís Valsdóttir, erindi um klónun, byggt á M.A. ritgerð hennar. Andmælendur á fundinum voru prófessorarnir Vilhjálmur Árnason og Guðmundur Eggertsson. Þann 7. mars var málþing um leikritið Gestinn eftir Eric-Emmanuel Schmitt, og héldu erindi prófessorarnir Vilhjálmur Árnason, Dagný Kristjánsdóttir og Pétur Pétursson. Síðasta málþing vetrarins er áætlað 11. apríl og er umfjöllunarefnið siðfræði stríðs. Frummælendur verða þeir Þorsteinn Gylfason, prófessor og Karl Th. Birgisson, blaðamaður.
2) Drög að dagskrá næsta Skálholtsfundar lögð fram en fundurinn verður haldinn 3. – 4. maí. Fundarefni verður samþykki í rannsóknum.
3) Þann 16. mars var haldið málþing með Verkjafræðafélagi Íslands undir yfirskriftinni *Um kvöl og verki*. Fundurinn var haldinn í Safnaðarheimili Hallgrímskirkju og fluttu framsögur þeir Jósep Ó. Blöndal, læknir, Páll Skúlason, rektor, Sigfinnur Þorleifsson, sjúkrahúsprestur, Halldór Björn Runólfsson, listfræðingur. Pallborðsumræðum stjórnaði Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor. Efni frá fundinum var útvarpað á RUV.
4) Líffræðifélag Íslands óskaði í byrjun árs eftir samstarfi við Siðfræðistofnun um rástefnu um siðfræði og lífvísindi. Ákveðið hefur verið að halda ráðstefnuna, 13. apríl, n.k. Tilnefndi hvor aðili fjóra framsögumenn og í hópi Siðfræðistofnunar eru þau Vilhjálmur Árnason, Þorvarður Árnason, Bryndís Valsdóttir og saman ætla Sigríður Þorgeirsdóttir og Skúli Sigurðsson að halda erindi. Frá Líffræðifélaginu tala þeir Einar Mäntyla, Eggert Gunnarsson, Kristbjörn Orri Guðmundsson og Kári Stefánsson. Nokkur ágreiningur hefur komið upp varðandi fundarstað. Í upphafi stóð til að halda ráðstefnuna í Norræna húsinu en það er upptekið þennan tíma. Þá bauðst Líffræðifélaginu salur Í.E. endurgjaldslaust og vill félagið að ráðstefnan verði haldin þar. Siðfræðistofnun hefur hins vegar fengið Hátíðarsalinn endurgjaldslaust og hefur lagt áherslu á að ráðstefnan verði haldin á hlutlausum stað. Talsverðar umræður urðu um fundarstaðinn og voru fundarmenn sammála því að mikilvægt væri að ekki kæmi fram að Siðfræðistofnun sem slík væri mótfallin fundarstaðnum í Í.E.
5) Sheilu Jasanoff, prófessor við Harvard-háskóla, heldur erindi á vegum Siðfræðistofnunar og Heimspekideildar þann 18. apríl n.k.

4. Starfstengd siðfræði hefur farið vel af stað. Lagður fram listi yfir nemendur á vorönn.
5. Fyrsti fundur í ELSAGEN og NORFA verkefnum var haldinn í Tartu í Eistlandi 14. og 15. janúar. Verkefni fara vel af stað og er næsti fundur í Englandi 10. og 11. maí n.k.
6. Stjórnarformaður skýrði frá fundi í Lebenstandard-verkefninu í janúar í Sviss. Á fundinn fóru auk formanns Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent. Fyrir stuttu kom í ljós að verkefnið hlaut ekki áframhaldandi styrk og verður því ekkert framhald á því.
7. Forstöðumaður skýrði frá stöðu fjármála. Mikil umskipti hafa orðið að undanfögnu. Í lok síðasta árs veitti rektor stofnuninni styrk úr Háskólasjóði að upphæð 5 milljónir. Styrkurinn borgar nánast að fullu þann halla sem stofnunin hefur verið með undanfarin ár. Þá var lagt fram bréf frá Jöfnunarsjóði sókna þar sem samþykktur er styrkur til stofnunarinnar að upphæð 500 þúsund fyrir árið 2002. Að auki hefur stofnunin fengið fjölmarga rannsóknarstyrki svo fjárhagsvandi hennar er leystur í bili a.m.k.
8. Lögð fram tillaga frá stjórnarformanni um laun til hans. Formaður vék af fundi. Tillagan, sem felur í sér að stjórnarformanni séu greiddar mánaðarlega 12 yfirvinnustundir á þessu ári og út rannsóknarleyfi hans á næsta ári, var rædd og samþykkt samhljóða. Jafnframt var óskað eftir því að forstöðumaður kannaði hvort Starfsmannaskrifstofa H.Í. teldi eitthvað því til fyrirstöðu að þessi tillaga væri samþykkt af stjórn. Ákveðið var að biða með formlega afgreiðslu þar til formsatriðin væru ljós.

Stjórnarformaður kom á fund að nýju.

9. Lagt fram nýtt bréf til Heilbrigðisráðuneytisins með beiðni um styrk fyrir alþjóðlega ráðstefnu sumarið 2004. Erindið er að stærstum hluta endurnýjuð beiðni frá fyrra ári.
10. Lagt fram uppgjör frá Skálholtsútgáfunni vegna útgáfu bókarinnar *Siðfræði frá sjónarhóli guðfræði og heimspeki*. Samkvæmt því er ógreiddur hlutur Siðfræðistofnunar kr. 731.000. Forstöðumanni falið að fara yfir uppgjorið með Skálholtsútgáfunni þar sem uppgjorið er ekki í samræmi við skilning stjórnar.
11. Lagt fram bréf frá Siðfræðinefnd LSH sem er nýstofnuð. Í bréfinu er nefndin kynnt og óskað eftir samstarfi við Siðfræðistofnun. Erindinu vel tekið.
12. Lögð fram tillaga um Landsiðaráð. Tillögu frestað til næsta fundar.
13. Irma Sjöfn óskaði eftir að Biskupi Íslands væri sendar fundargerðir stjórnar.
14. Fleira ekki gert og fundi slitið.

S.N.